Morgunblaðið

MENNING LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 9. APRÍL 1994 BLAÐ C



Morgunblaðið/Kristinn

Horfir í eldana af blóma-breiðu

Í LÍFINU erum við alltaf á þvælingi milli elda og blóma. Hvort viljum við frekar? Kannski er ekkert val. Ég heyrði í breska útvarpinu frétt um litla stelpu í Afganistan, það þurfti að skera af henni fótinn án deyfilyfja því þau voru ekki til. Svo dúllar maður einhversstaðar í myndlist og finnst jafnvel ástæða til að barma sér. Ég fyllist stundum angist yfir hvað fólk á bágt, en geri ekkert í málunum. Fórna mér ekki. Tala bara um hörmungarnar í næsta boði, sest inná kaffihús og hef það náðugt, bý til þessar myndir.

Hulda Hákon opnar í dag sýningu á málverkum og skúlptúrum í austursal Kjarvalsstaða. Þar getur fólk reikað milli elda og blóma og lesið texta á veggjunum. Þeir eru ofnotaðir og logarnir augljósir og blómin gömul. Kannski verður þetta nýtt í samhenginu. „Síðan splundrast myndirnar," segir Hulda, „sjálfstæðir einstaklingar sem bera með sér eitthvað úr heildinni. Einhverja hugmynd sem áhorfandinn hefur fengið, það er pláss fyrir hana. Þó að þetta sé minn heimur hef ég ekki kannað hann betur en svo."

Hún heldur uppteknum hætti og hefur texta með verkunum, í þetta sinn á veggjunum milli mynda. Þær eru ýmist af rauðgulum eldi eða bláum blómum, fínlegar, smágerðar, þéttar. „Ég var líka að krebera á þessu pilleríi," segir Hulda og ég spyr hana hvort myndlistin sé þá ekki alltaf skemmtileg. „Oft er hundleiðinlegt," svarar hún, „en maður lætur sig hafa það fyrir árangurinn og verður annað hvort ánægður eða ekki. Nú er ég ánægð. Þetta er eins og ég vildi og kemur mér kannski pínulítið á óvart líka. Það er atriði í myndlist, að ýta sér á ystu nöf og verða svolítið hissa. Ég vildi enga aðra vinnu."

Hulda tekur nýjan kúrs á þessari sýningu því áður hefur hún alltaf sýnt lágmyndir. Henni finnst slæmt þegar hún er orðin flink. „Ég held að fólk geti gengið á lágmyndunum mínum," segir hún, „þær voru orðnar svo sterkar. Mér þykir efnishyggja í myndlist leiðinleg og vil að efnið þjóni hugmyndinni en ekki öfugt. Kannski segir einhver um blómin og eldana að þetta séu klaufalega málaðar myndir og þá er það allt í lagi, ég er ekkert hrædd við krítík lengur. Hún er samskiptaform, einn maður segir öðrum skoðun sína og ef hann er málefnalegur getur það ekki gert til."

Orðin dálítið sjóuð, viðbúin tómleika eftir opnunina og ákveðin að drífa svo í öðru verkefni. Hún ætlar til London í vor vegna samsýningar og til Litháen í sumar og þó eru ekki nema þrír mánuðir síðan hún kom heim frá vetursetu í Berlín. Þar máluðu þau og máluðu, Hulda og eiginmaðurinn Jón Óskar. „Það er fínt að geta unnið svona og sýnt annars staðar, maður einangrast svo mikið hér. Sýningar erlendis eru forréttindi sem hlaða utan á sig."

Þetta hljómar vel en stundum er eins og ekkert gangi. „Ég blokkerast algjörlega," segir Hulda. „Þótt ég gæti næstum gert myndir með tánum, myndir sem líktust verkunum mínum, myndi ég aldrei gera það. Þá væri ég að svíkja sjálfa mig. Ég gat til dæmis ekki sinnt beiðni um lágmynd sem átti að vera með frekar ákveðnum hætti. Það hefði ekki verið rétt."

Þótt Hulda reiði fram nýmeti á sýningunni á Kjarvalsstöðum vill hún ekki gera of mikið úr því. „Aðferðin er að hluta til önnur og viðfangsefnið að hluta til nýtt, en aðeins í minni vinnu," segir hún. „Blá blómin vaxa í mörgum kvæðum, þekkt symból úr rómantísku stefnunni, kannski túlkun á einhverjum draumi. Bara ný fyrir mér. Eldurinn heillaði mig hins vegar fyrir löngu og mér hefur þótt gaman að efnisgera hann. Þessi hérna er úr steinsteypu."

Steypueldurinn logar víða á gólfi salarins og þar eru líka blá blóm, kannski liljur á tjörn. Þessir skúlptúrar eru grófir, ólíkt málverkunum, og skemmtilegir eins og myndir í ævintýralandi. Maður reikar milli þeirra eins og Hulda vill helst og horfir djúpt í málverkin og les eina og eina setningu: *Hverra manna ertu. I like your hairstyle, your trousers and your manners.* Svo dæmi séu nefnd. Hulda notar stundum miklu fleiri texta en hefur nú ellefu setningar úr ólíkum áttum.

„Þetta eru bara orð sem tengjast lífinu," segir hún. „Ofnotuð element eða klisjur. Nauðsynlegar upplýsingar, um það til dæmis hvernig maður verður ósýnilegur. Dramatísk orð, hversdagsleg orð og orð sem varpa ábyrgðinni annað. *There must be somebody somewhere doing something* er dæmi um þannig setningu. Ég fylgist með hörmungum í sjónvarpinu og hefst ekki að. Samt á ekki að vera neitt mál að éta fíl – maður byrjar bara á einni löpp. Það er til fólk sem gengur í hlutina, en ég sem sagt fórna mér ekki."

Hulda segir að yfirleitt sé húmor í verkunum hennar en einhvernveginn hafi hún ekki verið í þannig skapi fyrir þessa sýningu. Búin að fylgjast með heimsmálunum, varnarlaus gagnvart fréttum fjölmiðla, mitt í blómabreiðu að horfa í eldana. „Kannski væri betra að vita ekki neitt," segir hún. „Fyrir þrem árum var upplagt að fá sér popp í sófanum og fylgjast með Persaflóastríðinu í beinni útsendingu. Öll þessi vitneskja er yfirþyrmandi. En hennar vegna eru myndirnar mínar einmitt svona.

Ég veit ekki hvernig þær snerta fólk, sjálf verð ég eiginlega aldrei æst yfir myndum annarra. Mér þykir gaman að sjá eitthvað sem mér hefur aldrei dottið í hug og rosalega gaman ef mynd hreyfir við mér. Það bara gerist svo sjaldan. Sennilega er ég svona upptekin af sjálfri mér. Myndlistarmenn verða að vera þannig, þeir fletja sig út fyrir almenning. Efna til dialógs listamanns og áhorfanda og vonast náttúrlega til að þar gerist eitthvað áhugavert. Mér finnst ekki verra að verkin mín hafi áhrif á fólk, ekki listamenn endilega, það væri tilætlunarsemi. Myndlist höfðar að minnsta kosti ekki til mín."

Þórunn Þórsdóttir

HULDA HÁKON SÝNIR MÁLVERK OG SKÚLPTÚRA Á KJARVALSSTÖÐUM